



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

STUÐNINGUR VIÐ INNLEIÐINGU INSPIRE TILSKIPUNARINNAR Á ÍSLANDI

LANDFRÆÐILEG GÖGN RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA VERÐI OPNUÐ

VERKEFNI UNDIR STEFNU RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ 2013-2016
VÖXTUR Í KRAFTI NETSINS - BYGGJUM, TENGJUM OG TÖKUM ÞÁTT



INSPIRE

Grunngerð Landupplýsinga í Evrópu

Infrastructure for Spatial Information in Europe

1.2-Landfræðileg reitakerfi

Höfundur:	Ragnar Þórðarson
Dagsetning:	25.8.2014
Lýsing INSPIRE:	Samræmt reitanet með breytilegri upplausn, sameiginlegum upphafspunkti og staðlaðri staðsetningu og stærð reita.
Þátttakendur:	Orkustofnun Íslands: Þorvaldur Bragason Náttúrufræðistofnun Íslands: Lovísa Ásbjörnsdóttir Landmælingar Íslands: Steinunn Elva Gunnarsdóttir Landmælingar Íslands: Guðmundur Valsson
Tilvísanir í lög:	Lög nr. 44/2011 um grunngerð fyrir starfrænar landupplýsingar. Reglugerð nr. 390/2012 um lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga
Unnið fyrir:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Málsnúmer:	UMH14010077

EFNISYFIRLIT

1 Ágrip – Landfræðileg reitakerfi.....	I
2 Verkefnið	II
2.1 Forsaga	II
2.2 Tilgangur	III
2.3 Markmið	III
2.4 Aðferðir.....	III
3 Þemað 1.2 Landfræðileg reitakerfi	- 1 -
3.1 Skilgreining	- 1 -
3.2 Óformleg lýsing.....	- 1 -
3.3 Kröfur og tillögur - Samantekt.....	- 1 -
3.3.1 Hönnun	- 1 -
3.3.2 Notkun	- 2 -
4 Vinnuhópur.....	- 3 -
4.1 Tengiliðir	- 3 -
4.2 Samskipti	- 3 -
4.3 Gögn tengiliða	- 3 -
4.4 Valin gögn	- 3 -
4.5 Gagnakortlagning	- 3 -
4.5.1 Töflur gagnakortlagningar	- 4 -
5 Niðurstöður	- 5 -
5.1 Núverandi staða	- 5 -
5.2 Næstu skref	- 5 -
5.3 Afurð	- 5 -
6 Umræða.....	- 5 -
7 Aðgerðarpunktur	- 7 -

1 ÁGRIP – LANDFRÆÐILEG REITAKERFI

Þema 1.2 Landfræðileg reitakerfi (e. Geographic Grid System) er ólíkt öðrum þemum að því leiti að ekki er um eiginlegt gagnasafn að ræða heldur skilgreiningu á kerfi.

Á Íslandi hefur verið notast við Reitakerfi Íslands en af ýmsum ástæðum er lítil notkun á því kerfi. Mest er það notað við verkefnisskipulag og gæðaeftirlit en mjög lítið til birtingar gagna eða landfræðilegra greininga. Það var skilgreint árið 2006 með núllpunkt sameiginlegan ISN93 hnitakerfinu (e. false origin) og reitaskiptingu sem hentaði stærð og legu Íslands. Nafngift reita var vel skilgreind, samræmd og gagnsæ. Reitakerfi Íslands er í ISN93 viðmiðinu með hornsannri keiluvörpun Lamberts. Eins gott og Reitakerfi Íslands kann að vera stenst það ekki kröfur INSPIRE, og ekki heldur alþjóðlegar venjur við hönnun landfræðilegra reitakerfa skv. þemavinnuhóp INSPIRE. Helst er þar að nefna vörpunina sem er ekki jafnflatarmálsvörpun og skilgreiningar á reitastærðum. Einnig er það nafngift reitanna sem ekki samræmist INSPIRE leiðavísinum sem og formlegt nafn kerfisins.

Þar sem Reitakerfi Íslands samræmist ekki kröfum INSPIRE leiðavísinsins um landfræðileg reitakerfi, og með fyrirnefnda stöðu þess í huga var ákveðið að hanna og taka í notkun nýtt reitakerfi sem uppfyllir kröfur INSPIRE. Landmælingar Íslands stóðu á bak við hönnun reitakerfisins og var það kynnt á opnum fundi sem einnig var streymt beint út á netið. Nýja reitakerfið er undantekning frá þema 1.1 Viðmiðunarhnitakerfi þar sem það er byggt á stefnuhornsjafnflatarvörpun Lamberts í ISN2004 viðmiðinu sem samræmist INSPIRE leiðarvísinum. Reitarstærðir verða skilgreindar 1m, 10m, 100m, 1.000m, 10.000m og 100.000m. Nafnareglur og frekari tæknileg atriði er að finna í skjali „D2.8.I.2 INSPIRE Specification on Geographical Grid Systems – Guidelines“ og í kafla 3.3.1 þessarar skýrslu.

2 VERKEFNIÐ

2.1 FORSAGA

Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (hér eftir INSPIRE) tók gildi 14. mars 2007. Í gegnum EFTA var þessi tilskipun tekin upp á Íslandi og með lögum nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, reglugerð nr. 390/2012 um lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar og reglugerð nr. 414/2014 um stafrænar landupplýsingar var INSPIRE tilskipunin innleidd á Íslandi. Vegna upptöku tilskipunarinnar í gegnum EFTA hefur Ísland þriggja ára frest á allar tímasetningar tilskipunarinnar varðandi innleiðingu og framkvæmd.

Verkefnið er unnið á forsendum laganna nr. 44/2011 og er markmið þeirra að byggja upp og viðhalda aðgengi að stafrænum landupplýsingum á vegum opinberra aðila. Samkvæmt lögnum er grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar „Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.“

Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar byggir á nokkrum meginreglum INSPIRE:

- Gögnum skal einungis safnað einu sinni.
- Gögnum skal vera haldið við þar sem hægt er að gera það á sem hagkvæmastan hátt.
- Einfalt yfirlit sé til yfir hvaða gögn og þjónusta er í boði (lýsigögn).
- Gögn ætti að nota frá upprunastað sínum.
- Tryggt verði að hægt sé að nota gögn frá mörgum eigendum í mismunandi samhengi

Til að uppfylla tilskipunina þarf að standa skil á nokkrum verkþáttum, svo sem skráningu lýsigagna og aðgengi að gögnum, innan ákveðins tímaramma. Til að Ísland nái settum markmiðum þótti nauðsynlegt að setja af stað sérstakt verkefni með það að markmiði að kortleggja hvar og hvernig þau gögn eru geymd sem INSPIRE tilskipunin kveður á um. Verkefnið byggir á að verkefnisstjóri hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu setji á fót vinnuhópa í kringum þemu INSPIRE úr viðauka I og II og vinni með tengiliðum þeirra opinberu aðila sem hafa viðkomandi gögn undir höndum. Í sameiningu kortleggi þeir gögnin, komi með tillögur um hvað má betur fara og skili á endanum skýrslum um ferla og niðurstöður. Þær skýrslur nýtast þegar kemur að skilum á gögnum Íslands sem INSPIRE kveður á um.

2.2 TILGANGUR

Grunngerð landupplýsinga á Íslandi á að stuðla að hagræðingu í rekstri landupplýsingakerfa stjórnvalda, stytta og skýra boðleiðir auk þess að samræma vinnubrögð. Minna ætti að vera um tvívinnslu eða –geymslu landupplýsinga meðal hins opinbera þar sem ljóst á að vera hvar ákveðin gögn eru unnin og geymd og hver fer með ábyrgð þeirra. INSPIRE tilskipunin, í gegnum lög nr. 44/2011, kveður á um að Íslenska ríkið geri stafrænar landupplýsingar opinberra aðila aðgengilegar almenningi skv. ákveðnu forsníði. Þar með er kominn hvati til að hagræða skipulagi opinberra landupplýsinga svo auðveldara sé að fella þau að kröfum INSPIRE og veita um leið almenningi greiðari aðgang að þeim. INSPIRE byggir á grunngerð landupplýsinga hvers lands og því hvetur það aðildarlönd í átt til betra skipulags og hagræðingar sem fylgir góðri grunngerð.

2.3 MARKMIÐ

Markmið þessa verkefnis er að finna hvar gögn opinberra aðila eru geymd, hvernig og hvort þau falli undir INSPIRE tilskipunina. Kortleggja (e. Schema mapping) gögnin að kröfum INSPIRE tilskipunarinnar og taka saman tillögur um hagræðingu á sviði landupplýsinga á Íslandi; hvort heldur með tilliti til verklags og verkefna eða laga og reglugerða.

2.4 AÐFERÐIR

Óskað er eftir tengiliðum frá stofnunum sem talið er að eigi eða fari með stafrænar landupplýsingar sem falla undir viðauka I og II INSPIRE tilskipunarinnar. Könnun frá 2012 um eign og stöðu stafrænna landupplýsinga hjá opinberum aðilum sem Landmælingar Íslands fengu Alta ehf. til að framkvæma um stöðu landupplýsinga hjá opinberum aðilum er notuð til hliðsjónar. Vinnuhópar voru stofnaðir um hvert þema viðaukanna. Hvert þema er tekið fyrir sem verkefni og fundað í upphafi með öllum tengiliðum viðkomandi vinnuhóps og heildarmynd fengin af stöðunni. Í framhaldinu fylla tengiliðirnir út í gagnakortlagningartöflu (e. Mapping table) með aðstoð verkefnisstjóra og skila tillögum að breytingum. Gagnakortlagningatöflurnar eru fengnar frá Joint Research Center (hér eftir JRC) sem er rannsóknarmiðstöð framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins. Skýrsla er svo unnin fyrir hvert þema þar sem niðurstöður um gagnaál liggja fyrir auk tillagna og aðgerðarpunkta um það sem þarf til að hagræða fyrirkomulagi innan þemans.

3 ÞEMAÐ 1.2 LANDFRÆÐILEG REITAKERFI

Í þessari skýrslu er „Landfræðileg reitakerfi“ og „Reitakerfi“ notuð sem samheiti yfir það fyrra. Þegar talað er um upplausn reitakerfa er átt við reitastærð.

3.1 SKILGREINING

Samræmt reitanet með breytilegri upplausn, sameiginlegum upphafspunkti og staðlaðri staðsetningu og stærð reita.

3.2 ÓFORMLEG LÝSING

Þema 1.2 Landfræðileg reitakerfi (e. Geographic Grid System) er ólíkt öðrum þemum að því leiti að ekki er um að ræða gagnasafn sem hægt er að skoða beint heldur skilgreining á kerfi.

Reitakerfi (e. Grid) er skilgreint sem net tveggja para eða fleiri af línunum þar sem línur paranna skera línur hinna paranna samkvæmt reiknireglu (e. Algorithm). Reitur er svæði afmarkað af línunum reitakerfisins. Reitapunktur er skurðpunktur lína í reitakerfinu.

INSPIRE reitakerfi mynda fastan og skýran ramma fyrir þau þemu INSPIRE sem þurfa á þannig framsetningu að halda. Kerfin eru oftast notuð til óbeinnar tilvísunar í staðsetningu og grófrar framsetningar gagna. Kerfin eru tvívíð og mest notuð við landfræðilega greiningu eða upplýsingagjafar. Landfræðileg reitakerfi hafa fyrirfram ákveðnar reitastærðir og kóðakerfi til að auðkenna hvern reit.

Sú þörf er viðurkennd að aðildarríki utan meginlands Evrópu þurfi að nota eða hanna sín eigin reitakerfi, en þau þurfa samræmast kröfum þessa þema og þema 1.1 Viðmiðunarhnitakerfi.

3.3 KRÖFUR OG TILLÖGUR - SAMANTEKT

Kröfur þessar og tillögur taka ekki til grunngerðar landupplýsinga á Íslandi eða gagna opinberra aðila beint. Þær ná til þess forsniðs sem gögnin sem skilgreind verða sem INSPIRE gögn Íslands verða aðgengileg á. Ekki þarf að laga frumgögnin eða frumgagnauppsetningu að þessum kröfum.

3.3.1 HÖNNUN

Reitakerfi skal byggja á viðmiðunarhnitakerfi og vörpun sem stenst kröfur þemans Viðmiðunarhnitakerfi 1.1.

Nafn á reitakerfi skal birta sem „Grid_[viðmið]-[vörpun]“ sem dæmi er nýja reitakerfið með nafnið „**Grid_ISN2004-LAEA1**“. Til að geta vísað í ákveðna upplausn er henni bætt aftan við nafnið, í metrum (**Grid_ISN2004_LAEA_1K** fyrir 1 km reitastærð, K fyrir þúsund). Nafn reitakerfisins er sömuleiðis einkvæmt auðkenni þess.

Viðmiðunarhnit reita skulu vera úr neðra vinstra horninu á reitnum. Af þeim hnitum, skal reiturinn draga nafn (kóða) sitt með norðurhnitið fyrir framan en austurhnit aftan við og viðeigandi staf framan við hnitid. Deila skal hnitinu með 10^n þar sem „n“ er fjöldi núlla aftan við reitastæðina í metrum ($1.000 \text{ m} = 10^3$. hnit 475.000 í 1km reitastærð 1km verður $475.000/10^3 = 475$). Til að reitirnir séu með einkvæm nöfn milli reitastærða í kerfinu skal reitastærðinni skeytt framan við nafnið sem metrar upp að 100 m en kem kílómetrar frá og með 1000 m.

Reitarnafn eða reitarkóði myndi þá líta svona út: **1kmN475E657** fyrir reit í 1km upplausn með neðra vinstra hornið í hnitunum 475.000 norður, 657.000 austur.

Reitastærðir skulu vera 1m, 10m, 100m, 1.000m, 10.000m og 100.000m með núllpunkt sameiginlegan viðmiðunarhnitakerfinu sem notað er (false origin).

Gera skal skjal sem lýsir reitakerfinu að fullu og það skjal skal vera aðgengilegt til tilvísana.

| ¹ LAEA - Lambert Azimuthal Equal Area |

3.3.2 NOTKUN

Gert er ráð fyrir að þemu sem birta gögn í reitakerfum noti þetta reitakerfi.

Ef gögn sem birta staðsetningu sem tilvísun í reiti ákveðins reitakerfis skilgreina ekki kerfið innbyrðis (skv. viðeigandi stöðlum) skal vera tilvísun inna gagna eða lýsigagna í opinbert skjal sem lýsir kerfinu að fullu.

4 VINNUHÓPUR

4.1 TENGILIÐIR

Ekki var um vinnuhóp að ræða þar sem Landmælingar Íslands halda utan um eina reitakerfið sem hefur það markmið að vera samræmt landsþekjandi kerfi. Tengiliðir stofnana sem nota eða halda úti einhvers lags reitakerfi voru hafðir í samráði þegar þeirri spurningu var velt upp hvort ástæða væri til að taka upp nýtt reitakerfi og tillögur voru gerðar. Einnig var haft samband við stofnanir og aðra opinbera aðila sem hafa áhuga á að nota reitakerfi og spurst fyrir um áætlaða notkun.

Tengiliðir voru:

Orkustofnun Íslands: Þorvaldur Bragason

Náttúrufræðistofnun Íslands: Lovísa Ásbjörnsdóttir

Landmælingar Íslands: Steinunn Elva Gunnarsdóttir

Landmælingar Íslands: Guðmundur Valsson

4.2 SAMSKIPTI

Fundað var með tengiliðum Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar, landupplýsingasérfræðingi Landmælinga Íslands sem fer með landupplýsingavinnu í reitakerfisverkefni Hagstofunnar, og mælingasérfræðingi Landmælinga Íslands. Ákveðið var að leita að fleiri notendum þar sem hvorki OS né NÍ voru að nota Reitakerfi Íslands. Haft var samband við stofnanir Háskóla Íslands sem vinna með landupplýsingar auk þess sem LÍSU samtökin voru fengin til að senda út fjöldapóst á félagsmenn þar sem spurt var um notkun á Reitakerfi Íslands og þau svör svo notuð til að hafa samband við virka eða tilvonandi notendur. Helstir voru Landlæknisembættið, Ríkislögreglustjóri og Þjóðskrá.

LMÍ hannaði nýtt reitakerfi sem kynnt var þann 8. Maí 2014 í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þeim fundi var streymt á netið og er nú aðgengilegur á YouTube (<http://youtu.be/GvUblu91P0g>). Um 40 manns, í sal og í gegnum netið, fylgdust með þeim fundi.

4.3 GÖGN TENGILIÐA

Sjá 4.4.

4.4 VALIN GÖGN

Ekki er um að ræða eiginlegt gagnasafn sem hægt er að skoða beint heldur skilgreining á kerfi. Þó hafa Landmælingar Íslands búið til skrár fyrir valdar upplausnir nýja reitakerfisins, notendum til hagræðingar. Þær má nálgast á heimasíðu LMÍ.

4.5 GAGNAKORTLAGNING

Engin gagnakortlagning var unnin fyrir þetta þema.

Gagnakortlagning er vinnuþýðing á enska hugtakinu „data mapping“ eða „schema mapping“. Afurð og verkfæri gagnakortlagningar er gagnakortlagningartafla sem er þýðing á „mapping“

table“ eða „matching table“. Gagnakortlagning er þegar einni eigind eða skráningarþætti gagnaskipulags A (e. Schema) er fundin samsvarandi eigind eða skráningarþáttur í gagnaskipulagi B, auk reglna sem þarf að hlíta við vörpun milli gagnaskipulaga.

Gagnakortlagningatöflurnar eru mikilvæg stoðgögn við vörpun hinna eiginlegu gagna milli gagnaskipulaga þar sem sérfræðingar nýta þær við að færa reglur inn í þar til gerð forrit (t.d. HALE) eða til að hanna XML skrár sem sinna vörpun gagnanna.

Þegar verið er að vinna með einhvern gagnaflokk, t.d. vatnafar, með grunngögn af ólíkum uppruna eða gerð fyrir mismunandi tilgang er sjaldan sama gagnaskipulag (e. Schema) þó svo í mörgum tilvikum sé verið að skrá svipaðar upplýsingar. Mismunur getur verið á hvort tölur séu skráðar sem heilar tölur eða brotatölur, jafnvel prósentur eða framsetningu dagsetninga. Þá eru oft ólík flokkunarkerfi notuð milli gagnaeigenda. Til að gera gagnakortlagningu þarf að hafa góða þekkingu á báðum gagnaskipulögunum sem um ræðir. Þar sem INSPIRE gagnaskipulagið er fyrir flestum mikið torf hefur JRC útbúið ítarlegar gagnakortlagningatöflur fyrir hvert þema og má nálgast þær allar á tenglinum neðan við málsgreinina. Athugið að til eru tvær útgáfur af gagnalíkönunum og þar af leiðandi gagnakortlagningatöflum. Annars vegar þau sem lúta aðeins að innleiðingarreglum og hins vegar þau sem hafa verið útvíkkuð vegna sérþarfa eða verkefna fyrir þá sem það þurfa. Skoða skyldi hvert gagnasafn fyrir sig áður en viðeigandi gagnalíkan INSPIRE er valið.

Gagnakortlagningatöflur eru undir „Mapping tables“
inspire.ec.europa.eu/index.cfm/pageid/2/list/datamodels

4.5.1 TÖFLUR GAGNAKORTLAGNINGAR

Allar gagnakortlagningartöflur unnar í þessu verkefni má finna í málaskrá Umhverfis- og auðlindaráðuneytis undir málnúmeri UMH14010077 og í málaskrá Landmælinga Íslands undir málnúmeri V201411003.

5 NIÐURSTÖÐUR

5.1 NÚVERANDI STAÐA

Reitakerfi Íslands var hannað og útgefið á sínum tíma til að mæta þeirri þörf sem var komin fyrir samræmdu einsleitu tilvísunarkerfi. Upplausn var að mestu ákveðin út frá legu landsins og hafa notendur auk þess útfært upplausnir eftir eigin hentugleika. Reitakerfið hefur mest verið notað til skipulags á vinnu en minna sem framsetningar- eða greiningarþekja fyrir önnur gögn og einna minnst sem geymsluaðferð fyrir staðsetningu gagna. Reitakerfið samræmist ekki INSPIRE eða þeirri almennu vinnureglu sem komin er á erlendri grundu að nota jafnflatarmálsvörpun, en hornrétt keiluvörpun Lamberts þjagar flatarmál yfirborðs og því ekki hægt að reikna með sömu nákvæmni þéttleika innan reita.

Búið er að hanna og kynna nýtt reitakerfi sem ætlast er til að notað verði við framsetningu og greiningu í stað þess gamla.

5.2 NÆSTU SKREF

Styðja þarf við nýja reitakerfið, kynna það betur og koma því sem víðast í notkun.

5.3 AFURÐ

Reitakerfi Íslands frá 2006 var gert úrelt og nýtt Reitakerfi Íslands frá 2014 sem hannað var út frá kröfum INSPIRE var búið til. Skilgreining og stafræn útgáfa reitakerfisins er aðgengileg á heimasíðu LMÍ, Landupplýsingagátt og síðunni Opingögn.is.

6 UMRÆÐA

Landfræðileg reitakerfi eru hentug og vel þekkt aðferð til að birta samantektargögn með samræmanlegum hætti. Það sem hefur hamlað meiri notkun Reitakerfis Íslands er staðfangaskrá sem ekki hefur verið nægilega góð eða aðgengileg. Nú þegar sú staða er betri sjá stofnanir fram á að geta tengt lýðfræðigögn við staðfangaskrá Þjóðskrár en birta samantektarniðurstöður með reitakerfi. Vegna þjögunar keiluvörpunarinnar á flatarmáli jarðarinnar var ekki samræmi á flatarmáli reita innan Reitakerfis Íslands, þó fáir hafi áttað sig á þeirri takmörkun. Því varð þjögun á niðurstöðum um þéttleika innan reita. Með því að nota jafnflatarmálsvörpun í reitakerfi fást reitir sem eru trúir flatarmáli yfirborðs jarðarinnar og því er hægt að reikna þéttleika betur en áður. Til að hægt sé að tala um að ákveðið reitakerfi sé notað má ekki breyta út af skilgreindum upplausnum kerfisins eða nota önnur auðkenni á reitina en skilgreining kerfisins kveður á um. Það þarf sem sagt að halda sig innan skilgreininga kerfisins, ella er um annað kerfi að ræða.

Það er ekki krafa INSPIRE að aðildarlönd framleiði ný gögn eða kerfi, séu þau ekki til eða ekki samkvæm leiðarvísunum INSPIRE. Það er þó frekar einfalt að skilgreina þetta kerfi og setja það upp. Annað mál og meira er að taka nýtt kerfi upp í staðin fyrir gamalt. Það er því að vissu leiti blessun að ekki hafi verið meiri notkun á Reitakerfi Íslands og ekki miklar gagnaseriur sem þyrfti að halda við í öðru kerfi en landsreitakerfi. Nú gefst því tækifæri til að byrja með hreint blað, þegar stofnanir eru margar að fara af stað með birtingu gagna á reitakerfi. Gæta þarf þess

Þó að ekki sé mikið farið í sérsnýði á reitakerfinu fyrir einstaka verkefni þar sem samræmi milli gagnasetta er lykillinn að góðum samskiptum með landfræðileg gögn.

7 AÐGERÐARPUNKTAR

- Landmælingar Íslands fylgi eftir kynningu Reitakerfis Íslands og tryggi að skilgreining og stafræn útgáfa þess sé aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar: www.lmi.is, á heimasíðu Opinna gagna: www.opingogn.is og Landupplýsingagáttinni: gatt.lmi.is.
- Stefnt skuli að því að opinberir aðilar sem birta upplýsingar í reitakerfi noti gildandi Reitakerfi Íslands (núverandi útgáfa er frá 2014).